







Að setja upp app í snjalltækinu

Snjalltæki koma með ákveðinni uppsetningu eftir því hvort um Apple eða Android tæki er að ræða. Með því að hlaða niður smáforritum er hægt að fá ýmsar upplýsingar í símann, t.d. fréttamiðla, samfélagsmiðla og annan fróðleik, eða framkvæma ýmsar aðgerðir, t.d. borga í stöðumæli, panta pizzu eða skrá hreyfingu hvers dags. Möguleikarnir eru nánast ótæmandi. Athugið að sum öpp kosta en önnur eru ókeypis.

Dæmi um öpp sem hægt er að sækja:




- Strætó
- Messenger
- YouTube
- Veður
- Arion appið
- Einkalúbburinn

Að sækja app fyrir Apple snjalltæki



1. Kveiktu á snjalltækinu þínu.
2. Til að hlaða niður appi þarftu að búa til Apple ID reikning sem auðkennir þig.
3. Finndu „Settings“ merkið (stillingar) og ýttu á það.
4. Stofnaðu Apple ID reikninginn með pósthfangi þínu og lykilorði.
5. Finndu því næst App store merkið og ýttu á það.
6. Finndu stækkunarglerið (search) til að finna ákveðin öpp eða leita eftir flokkum.
7. Veldu app og ýttu á Get.
8. Slá þarf inn leyniorð fyrir Apple ID til að geta hlaðið appi niður á símann.

Að sækja app fyrir Android snjalltæki



Android öpp eru sótt í Play Store, sem er oftast staðsett á forsíðu Android síma. Ef ekki skaltu fara í listann yfir snjallforrit í símanum og velja Play Store þar.

1. Í fyrsta skipti sem Google Play er opnað gætir þú þurft að slá inn Google aðgangsupplýsingarnar þínar. Fylgdu leiðbeiningunum á skjánum. Þú gætir einnig þurft að samþykkja notendaskilmála Google.
2. Þegar á forsíðu Google Play er komið er hægt að nota leitina til að finna tiltekin snjallforrit.
3. Síðasta skrefið er að hlaða niður appinu.
4. Appið er nú aðgengilegt í lista yfir snjallforrit í símanum þínum.

